

frá ráðstefnu ASÍ og BSRB um kaup og kjör
kvenna á vinnumarkaði.

Dagana 26-28. september var haldin í Munaðarnesi ráðstefna á vegum ASÍ og BSRB um kjör og stöðu kvenna í atvinnulífinu.

Tildrög þessarar ráðstefnu eru þau, að í ársbyrjun 1975 skipuðu stjórnir samtakanna sameiginlega nefnd til þess að vinna að undirbúningi ráðstefnunnar. Í þeirri nefnd voru af hálfu ASÍ Björn Jónsson, sem var formaður nefndarinnar, Jóna Guðjónsdóttir og Guðríður Elíasdóttir, en af hálfu BSRB voru í nefndinni Lilja Ólafsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir og Gunnar Eydal.

Á ráðstefnunni voru flutt 9 erindi:

1. Lilja Ólafsdóttir setti ráðstefnuna og gerði grein fyrir kvennaárinu,
2. Anna Sigurðardóttir flutti sögulegt yfirlit um stöðu kvenna í atvinnulífinu fyrr og nú,
3. Jóhannes Siggeirsson talaði um atvinnuþátttöku og launakjör,
4. Haraldur Steinþórsson fjallaði um þátttöku í stéttarfélagum,
5. Helga Sigurjónsdóttir ræddi um almenna menntun og starfsmenntun,
6. Gerður Óskarsdóttir fjallaði um hefð og fordóma,
7. Adda Bára Sigfúsdóttir talaði um félagslega þjónustu,
8. Guðmundur Sveinsson ræddi um fullorðinsfræðslu og endurhæfingu,
9. Jón Sigurðsson fjallaði um kvenþjófina og þjóðartekjurnar.

Á ráðstefnunni störfuðu 5 starfshópar og fjölluðu þeir um:

1. Félagslega þjónustu,
2. Menntunarmál,
3. Þátttöku kvenna í störfum stéttarféлага,
4. Hefð og fordóma,
5. Atvinnuþátttöku og launakjör.

Á síðasta degi ráðstefnunnar voru niðurstöður starfshópa kynntar og almennar umræður fóru fram.

X
 Í almennum umræðum var mikið rætt um starfsemi jafnlaunaráðs og voru fundarmenn á einu máli um það, að starfsemi ráðsins væri ekki nægjanlega virk, en fram kom að ráðið hafði aðeins afgreitt fimm mál, og væri eitt beirra mála nú rekið fyrir almennum dómstólum.

Upplýst var, að það sem fyrst og fremst hindraði virkari starfsemi jafnlaunaráðs væri:

1. Skortur á upplýsingastarfsemi,
2. Jafnlaunaráð hefði engan fastan starfsmann né greiðan aðgang að þeim stofnunum sem ráðið byrfti að fá upplýsingar frá.

Allmiklar umræður urðu um skipun 9-manna samninganefndar ASÍ, en nefndin var eingöngu skipuð karlmönnum.

Rætt var um fyrirhugað kvennaverksfall 24.okt og var einróma samþykkt áskorun á allar konur að leggja niður vinnu þann dag.

X
 Miklar umræður urðu um skattamál, sérstaklega bá hugmynd, sem fram hefur komið af hálfu stjórnvalda að leggja til grundvallar að nýjum skattalögum bá reglu, að skipta til helminga tekjum hjóna, hvernig sem tekjuöflun er háttað. Bent var á, að slíkt kynni að torvelda mjög báttöku giftra kvenna í atvinnulífinu. Á ráðstefnunni var kosin sérstök nefnd, sem kanna skyldi þetta mál nánar og koma á framfæri við stjórnvöld sjónarmiðum ráðstefnunnar varðandi skattlagningu hjóna. Í nefndina voru kosin: Frá ASÍ Vilborg Sigurðardóttir, Guðríður Elíasdóttir og Ásmundur Stefánsson. Frá BSRB Kristín Tryggvadóttir, Valborg Bentsdóttir og Gunnar Eydal.

Á ráðstefnunni var samþykkt áskorun á ASÍ og BSRB um að skipa sérstaka nefnd til að kynna aðildarfélögum ASÍ og BSRB verkefni og niðurstöður ráðstefnunnar, og að öðru leyti að undirbúa sameiginlega alhliða stefnumörkun þessara samtaka í jafnréttismálum kvenna og karla.

Hér fylgja þeir niðurstöðupunktur sem starfshórnarnir lögðu fram.

Br.